

---

# Verðbréf

---





„Þetta er eins og garðyrkjan, maður setur niður fræ og nýtur svo uppskerunnar seinna.“

# Í upphafi skyldi endinn skoða

Áður en þú ákveður að fjárfesta í verðbréfum þarf að íhuga vel nokkra þætti.

## Hvert er þitt markmið?

Fyrsta skrefið er að ákveða hver markmiðin eru. Viltu leggja fyrir til efri árána, byggja upp varasjóð eða fjárfesta til skemmri tíma? Svörin við þessum spurningum eru mikilvægur leiðarvísir, enda segja þau til um fjárfestingartímann. Tíminn er síðan aftur eitt af lykilatriðum þess að

meta hversu mikla áhættu skynsamlegt er að taka í fjárfestingum.

## Ávöxtun og áhætta

Nauðsynlegt er að hafa í huga að sterk tengsl eru á milli ávöxtunar og áhættu. Búast má við lægri ávöxtun sé tekin lítil áhætta og að sama skapi hærri langtímaávöxtun eftir

því sem meiri áhætta er tekin. Mat á áhættu er einstaklingsbundið og þegar þú skoðar fjárfestingarkosti í samhengi við markmið þín og væntingar til ávöxtunar, þarftu að meta hversu mikla áhættu þú vilt taka. Á næstu síðu er farið yfir helstu þætti sem hafa áhrif á áhættu.

**Laust fé**  
Fjárfestingartími 0–1 ár

**Skammtímafjárfestingar**  
Fjárfestingartími 1–5 ár

**Langtímafjárfestingar**  
Fjárfestingartími 5 ár +

# 5 lykilatriði til að meta áhættustig

- 1 Skiptir aldurinn máli?**

Ráðlegt er að taka minni áhættu eftir því sem aldurinn færist yfir þar sem yngri einstaklingar hafa að jafnaði meira svigrúm til að þola sveiflur í ávöxtun.
- 2 Hvað ætlaðu að fjárfesta lengi?**


Ef fjárfest er til skamms tíma er ekki ráðlegt að taka mikla áhættu þar sem þú gætir átt von á sveiflum í ávöxtun. Ef fjárfest er til langs tíma gætirðu leyft þér að taka meiri áhættu og þannig aukið líkur á hærri ávöxtun, þar sem þú hefur lengri tíma til að taka langtímasveiflum.
- 3 Hefurðu reynslu af fjárfestingum?**

Hafir þú litla eða enga reynslu af fjárfestingum í verðbréfum er æskilegra að taka minni áhættu til að byrja með. Þeir sem hafa reynslu af fjárfestingum hafa yfirleitt betri forsendur til að meta hversu miklar sveiflur í ávöxtun þeir þola.
- 4 Hvert er þitt áhættuþol?**

Sumir eru reiðubúnir að taka mikla áhættu með það að markmiði að ná hærri ávöxtun á tilteknu tímabili. Aðrir leggja meira upp úr öruggri og stöðugri ávöxtun.
- 5 Hvernig er fjárhagsstaðan?**

Því betri sem fjárhagsstaðan er, þeim mun betur ertu í stakk búin/n til að takast á við sveiflur í ávöxtun.

# Áhættumat í sinni einföldustu mynd



# Ekki setja öll egginn í sömu körfu

**Tilgangur verðbréfasjóða** er að dreifa áhættu og draga úr sveiflum í ávöxtun með því að fjárfesta á fleiri en einum stað.



Þannig verður fjárfestingin síður háð verðbreytingum á einu fyrirtæki eða ákveðnum flokki verðbréfa. Verðbréfum er gjarnan skipt í fjóra flokka og ávöxtun þeirra sveiflast á mismunandi hátt.

Flokkarnir fjórir eru þessir:

- » Innlend hlutabréf
- » Innlend skuldabréf
- » Erlend hlutabréf
- » Erlend skuldabréf

Innlend hlutabréf geta hækkað á sama tíma og erlend hlutabréf lækka, eða öfugt. Þannig er áhættan breytileg eftir samsetningu eigna og með því að fjárfesta í ólíkum sjóðum dreifir þú áhættunni enn meira.

Hér eru þrjú dæmi um samsetningu eignasafna og áhrif hennar á áhættu.





„Ég er líka að hugsa um börnin mín, að geta greitt götu þeirra ef eitthvað bjátar á.“

# Þjónusta Landsbankans

**Lykillinn að árangri** í fjárfestingum er að hafa skýr markmið, hentugar ávöxtunarleiðir og greiðan aðgang að faglegri ráðgjöf. Þú getur fjárfest í verðbréfum á fjóra ólíka vegu hjá Landsbankanum.

- A **Netbanki einstaklinga** – sinntu verðbréfiðskiptum á Netinu
- B **Verðbréfa- og lífeyrisráðgjöf** – fagleg ráðgjöf þér að kostnaðarlausu
- C **Ráðgjafarsamningur** – þinn eigin fjármálaráðgjafi
- D **Einkabankþjónusta Landsbankans** – sérhæfð alhliða fjármálaþjónusta

# A

## Netbanki einstaklinga

Sinntu verðbréfaviðskiptum á netinu

Í netbankanum getur þú átt viðskipti með verðbréf og sjóði hvar og hvenær sem er. Þar geturðu meðal annars keypt og selt bréf í verðbréfasjóðum og hlutabréf í Kauphöll Íslands, fengið yfirlit yfir verðbréfaeign og verðbréfaviðskipti. Einnig er hægt að samþykkja alla tilskylda skilmála er varða verðbréfaviðskipti.

# B

## Almenn verðbréfaþjónusta

Fagleg ráðgjöf þér að kostnaðarlausu

Fagleg ráðgjöf er lykillinn að góðum árangri í fjárfestingum. Hjá Landsbankanum stendur þér til boða traust fjármálaráðgjöf, þér að kostnaðarlausu. Fjármálaráðgjafar hafa milli-göngu um kaup og sölu í sjóðum og stökum verðbréfum og veita ráðgjöf um reglubundinn sparnað í sjóðum og lífeyrissparnað. Þeir aðstoða þig við að skilgreina markmið og veita þér ráðgjöf við uppbyggingu eignasafns.

# C

## Ráðgjafarsamningur

Þinn eigin fjármálaráðgjafi

Ráðgjafarsamningur tryggir þér aðgang að fjármálaráðgjafa sem aðstoðar þig við að setja markmið og við uppbyggingu og stýringu eignasafns. Þú tryggir þér greiðan aðgang að alhliða fjármálaráðgjöf í síbreytilegu fjármálaumhverfi og reglulega fundi með ráðgjafa þar sem farið er yfir stöðu eignasafnsins. Með því að nýta þér vildarþjónustu Vörðunnar í almennum bankaviðskiptum tryggir þú þér jafnframt trausta alhliða fjármálaþjónustu og hagstæðari kjör við verðbréfaviðskipti.

# D

## Einkabankaþjónusta Landsbankans

Sérhæfð alhliða fjármálaþjónusta

Einkabankaþjónusta Landsbankans er sérhæfð fjármálaþjónusta fyrir viðskiptavinum sem vilja byggja upp öflugt eignasafn og njóta í leiðinni sérfræðiráðgjafar. Boðið er upp á tvær meginleiðir; virka stýringu og ráðgjafarsamning. Viðskiptavinir Einkabankaþjónustu njóta alhliða ráðgjafar á öllum sviðum bankaþjónustu og er þjónustan sniðin að efnamestu viðskiptavinum bankans.

## Byrjaðu að spara strax í dag

---

Komdu við í næsta útibúi, hringdu í 410 4040  
eða sendu okkur póst á [verdbrefaoglifeyrisradgjof@landsbankinn.is](mailto:verdbrefaoglifeyrisradgjof@landsbankinn.is).

---